




Alþingi
Erindi nr. Þ 138/2463
komudagur 20.5.2010

Samgöngumál á Norðurlandi vestra



Samantekt vegna fundar með Samgöngunefnd Alþingis

20.maí .2010



Efnisyfirlit.

Umsögn SSNV um samgönguáætlun 2009-2012	3
Almennt um tillöguna.	3
Athugasemdir við einstaka greinar.	4
Vegakerfið á Norðurlandi vestra.....	5
Húnaþing vestra – umsögn um samgönguáætlun 2009-2012.....	6
Húnavatnshreppur – áherslur 2009.....	7
Sveitarfélagið Skagaströnd áherslur 2009	8
Sveitarfélagið Skagafjörður – umsögn um samgönguáætlun 2009-2012.....	9



Umsögn SSNV um samgönguáætlun 2009-2012

Almennt um tillöguna.

Sveitarstjórnarmenn á Norðurlandi vestra hafa mörg undanfarin ár lagt áherslu á nauðsyn þess að bæta viðhald vegakerfisins í Húnavatnssýslum og Skagafirði m.a til þess að skapa **helstæð atvinnu, - búsetu,- og þjónustuvæði** og hafa m.a ályktað eftirfarandi.

- Afar brýnt er að stórbæta viðhald héraðsvega í Húnavatnssýslum og Skagafirði og þeir lagðir bundnu slitlagi.
- Viðhald á Þjóðvegi 1 um Húnavatnssýslur er stórlega ábótavant og þolir vegurinn ekki þá miklu umferð sem þar fer um dag hvern. Því er mikilvægt að ráðast strax í viðhald vegarins.

Þá hefur ítrekað bent á og ályktað um mikilvægt þess að ljúka gerð Þverárfjallsvegar í báða enda þar sem umferð um vegin hefur stóraukist og eru þeir kaflar sem um ræðir á engan hátt undir þá miklu umferð búnir og eru beinlínis hættulegir. Ábendingar sveitarstjórnarmanna á Norðurlandi vestra varðandi aðgerðir í vegamálum hafa verið hófstilttar og einkum miðað að auknu umferðaröryggi og nauðsyn þess að verja þær fjárfestingar sem lagt hefur verið í á undanförunum áratugum skemmdum.

Gera verður verulegar athugasemdir við mikla skerðingu fjárveitinga til viðhaldsverkefna. Árið 2007 var framlag til viðhaldsverkefna um 10,7 milljarðar og var á þeim tíma var metið af sérfræðingum sem lágmarksfjárförf. Samkvæmt þeirri áætlun sem nú liggur fyrir er gert ráð fyrir 7,2 miljörðum til viðhalds sem er um 33% lækkun. Raunlækkun er mun meiri ef tekið til tillit til verðlagsþróunar. Ljóst er að hér er verið að feta hættulega braut því að viðhaldsþörf á komandi árum mun væntanlega vaxa gríðarlega og verið er að ganga verulega nærri vegakerfinu. Gerðar eru athugasemdir við gildistíma áætlunarinnar þ.e að hluti hennar hafi nú þegar tekið gildi áður en hún hefur verið lögð fram á alþingi. Áætlunin inniber markmið um jákvæða byggðapróun. Gerðar athugasemdir við að það markmið áætlunarinnar nái fram á Norðurlandi vestra. Svæðið er skilið útundan þegar kemur að úthlutun fjármagns til vegamála á gildistímaáætlunar þrátt fyrir fögur fyrirheit um að við ákvörðun á forgangsörðun verkefna verði horft til uppbyggingar á einstökum svæðum í samræmi við áherslur og svæðaskiptingu sóknaráætlunar fyrir Ísland. Minnt er á að Norðurland vestra myndar eitt svæði sóknaráætlunar og því skýtur það skökku við að svæðið skuli skilið eftir þegar kemur að framlögum til vegagerðar.

Að lokum ber að fanga áformum um fjárveitingar til hafna og sjóvarna á Norðurlandi vestra auk þess áframhaldandi stuðningi við innanlandsflug til Sauðárkróks er fagnað og mikilvægt er að viðhalda



þeim stuðningi út gildistíma áætlunarinnar. Jákvætt er að áframhaldandi stuðningur sé boðaður við sérleyfishafa á svæðinu. Þá eru áhugaverð áform boðuð varðandi könnun möguleika á endurvakningu strandsiglinga.

Athugasemdir við einstaka greinar.

Ekki er tilefni til athugasemda við einstaka greinar tillögunnar en þó er rétt að benda á töflu á bls 25 þar sem fjallað er um sundurliðun einstakara gjaldaliða 4,2 í Norðvesturkjördæmi. Athugasemdir beinast að Vegaáætlun, kafla 4 í heild.

Í töflunni á bls 25 eru framlög til vegamála á Norðurlandi vestra á árinu 2010 sem hér segir.

- | | |
|--|--------------|
| • Hvammstangavegur – Um Hvammstanga | 1 milljón. |
| • Vatnsdalsvegur – Hvammur- Hringvegur | 4 milljónir. |
| • Þverárfjallsvegur- Skagavegur – Sauðárkrókur | 3 milljónir. |
| • Skagavegur – Örylgsstaðir- Króksel | 4 milljónir. |

Samkvæmt þessu nemur heildarframlag til verkefna á Norðurlandi vestra **12 milljónum króna.**

Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni eru eftirfarandi viðhaldsverkefni á Norðurlandi vestra tilbúin til framkvæmda :

- **Vestur Hún:** Miðfjarðarvegur og Vatnsnesvegur.
- **Austur Hún:** Reykjabraut og Vatnsdalsvegur.
- **Skagafjörður:** Skagafjarðarvegur og Skíðavegur.

Samkvæmt áætluninni verður ekki ráðist í neitt þessara verkefna á gildistíma hennar.

Ljóst er að 12 milljónir króna mæta á engan hátt lágmarkspörf fyrir viðhald og samgöngubætur á Norðurlandi vestra og er í raun fráleitt að leggja slíkt til. Mótmælt er harðlega því afskiptaleysi sem Norðurlandi vestra er sýnd í tillögu til samgönguáætlunar 2009-2013. Þess er krafist af nefndarmönnum í Samgöngunefnd Alþingis að áætlunin verði tekin til endurskoðunar og a.m.k hluti þeirra löngutímabæru viðhaldsverkefna í vegamálum á Norðurlandi vestra verði fundinn staður í áætluninni og fjármagni veitt í þau verkefni.

Vegna erfiðrar stöðu ríkissjóðs er vandséð að fjárveitingar til samgöngumála á næstu árum geti uppfyllt að öllu leiti þá brýnu þörf sem er fyrir úrbótum í samgöngumálum hér á landi og ber þingsályktunartillagan það verulega með sér. Á engan hátt skal gert lítið úr þeim vanda sem samgöngufirvöld standa frammi fyrir við ákvörðun verkefna en hins vegar verður að fara fram á að jafnræðis og skynsemi sé gætt í útdeilingu fjármagns. Við þannig aðstæður er mikilvægara en nokkru sinni að vanda vel til forgangsröðunar verkefna og þá sérstaklega á sviði vegamála.



Vegakerfið á Norðurlandi vestra

Neðangreind tafla sýnir lengd einstakra vegflokka eftir kjördæmum og stöðu Norðurlands vestra í því sambandi.

	Stofnvegir um					
	Stofnvegir	hálandi	Tengivegir	Héraðsvegir	Landsvegir	Samtals
	km	km	km	km	km	km
Suður	1074	289	674	889	616	3542
Suðvestur	96		89	29		214
Reykjavík	66		13	36		115
Norðvestur	1825	119	1302	1353	429	5028
Norðaustur	1465	96	720	931	777	3989
Samtals	4526	504	2798	3238	1822	12888
Norðurland vestra	413	84	461	493	209	1660
% af heild	9%	17%	16%	15%	11%	13%
% af Norðvestur	23%	71%	35%	36%	49%	33%



Eftirfarandi verkefni voru á samgönguáætlun samkvæmt tillögu 2008

Vegnr.	2007 m.kr	2008 m.kr	2009 m.kr	2010 m.kr
1 Hringvegur				
<i>Hrútafjarðará</i>	74			
<i>Um Hrútafjörð</i>	225	40		
<i>Endurbætur gegnum Blönduós</i>		21		
<i>Beygjur við Geitaskarð</i>	10			
<i>Vatnsskarð - Vatnshlíð</i>	31			
<i>Um Norðurárdal í Sakagfirði</i>	205	205	90	
72 Hvammstangavegur				
<i>Um Hvammstanga</i>	30			
704 Miðfjarðarvegur				
<i>Melstaður-Krókstaðir</i>	21		50	
<i>Tenging við Hringveg</i>	5	14		
711 Vatnsnesvegur				
<i>Hvammstangi - Skarð</i>			30	30
715 Víðidalvegur				
<i>Hrappstaðavegur - Dæli</i>	13			
722 Vatnsdalsvegur				
<i>Hof-Hjallaland</i>		71		
<i>Hvammur-Hringvegur</i>		70		
724 Reykjabraut				
<i>Hringvegur - Svínvetningabraut</i>		40	70	
731 Svínvetningabraut				
<i>Blönduós-Bólstaðarhlíð</i>			40	45
744 Þverárfjallsvegur				
<i>Skagavegur - Sauðárkrókur</i>	120	20	170	
<i>Skagavegur - Sauðárkrókur</i>	200	100		
745 Skagavegur				
<i>Skagastrandarvegur- Örlygsstaðir</i>			40	50
<i>Snjóstaðir</i>	13	10		
746 Tindastólsvegur			39	
752 Skagafjarðarvegur				
<i>Sliitlagsendi-Sölvanes</i>	45	50	40	
<i>Hafgrímsstaðir - Sölvanes</i>		15		

Húnaþing vestra – umsögn um samgönguáætlun 2009-2012

Í tengslum við framlagningu tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2009-2012, þingskjal 973, 582 mál vill sveitarstjórn Húnaþings vestra koma eftirfarandi umsögn og áherslum á framfæri við samgöngunefnd Alþingis:



Vegna 3. kafla áætlunarinnar, um siglingamál, er þess óskað að gert verði ráð fyrir dýpkun í Hvammstangahöfn og einnig í smábátahöfn. Einnig er þess óskað að í samgönguáætlun 2009-2012 verði gert ráð fyrir styrkingu sjóvarnargarða við Hvammstanga og Hamarsrétt. Mat á umfangi þessara verkefna og kostnaði hefur ekki farið fram er ljóst er að á gildistíma framlagðrar tillögu er nauðsynlegt að ráðast í þessar framkvæmdir.

Vegna framburðar úr Syðri-Hvamsá í Hvammstangahöfn er óhjákvæmilegt að ráðast í dýpkun hafnarinnar á allra næstu árum þannig að hún geti sinnt hlutverki sínu sem fiski og svo öryggi sjófarenda sé ekki stefnt í voða.

Á sl. árum hefur smábátum sem gera út frá Hvammstanga, m.a. v/ tilkomu strandveiða, fjölgað að mun. Viðlegurými í smábátahöfn er þess vegna afar takmarkað og því nauðsyn á að ráðist verði í dýpkunarframkvæmdir þegar á árinu 2011 svo unnt sé að koma fyrir aukinni viðlegu.

Þá er mikilvægt að sjóvarnargarðar við Hvammstanga og Hamarsrétt á Vatnsnesi verði styrktir.

Vegna 4. kafla áætlunarinnar, um vegamál, telur sveitarstjórn Húnaþings vestra algerlega óviðunandi að í samgönguáætlun 2009-2012 sé ekki gert ráð fyrir fjárframlagi til Vegagerðarinnar til að sinna grunnviðhaldi vegakerfisins í sveitarfélaginu. Að óbreyttu mun það koma niður á nauðsynlegu viðhaldi tengivega í Húnaþingi vestra eins og t.d. ofaniburði, heflun, rykbindingu, merkingum og ýmsum umferðaröryggismálum. Húnaþing vestra er eitt atvinnu- og þjónustusvæði og því nauðsynlegt vegna búsetu fólks, uppbyggingar atvinnutækifæra og þjónustu í dreifbýli og þéttbýli að viðhaldi tengivega í héraðinu sé sinnt. Núverandi ástand þeirra er algerlega óviðunandi og því er brýnna úrbóta þörf. Aukin atvinnusókn úr dreifbýli í þéttbýli og uppbygging ferðaþjónustu víða um dreifbýlið kallar á róttækar aðgerðir í þessum málaflokki. Sveitarstjórn Húnaþings vestra krefst þess að fjármunum verði veitt til lagningar bundins slitlags á umferðarmestu tengivegi héraðsins en slíkar framkvæmdir eru hagkvæmar til lengri tíma litið m.a. vegna lægri viðhaldskostnaðar og aukins umferðaröryggis.

Sveitarstjórn Húnaþings vestra leggur ríka áherslu á að í samgönguáætlun 2009-2012 verði gert ráð fyrir breytingu vegstæðis og byggingu nýrrar brúar á Tjarnará á Vatnsnesi. Núverandi vegstæði er algerlega óviðunandi með tilliti til umferðaröryggis. Raunveruleg slyshætta er til staðar og lán að þar hafi ekki orðið stórslys.

Húnavatnshreppur – áherslur 2009

Stærsti hluti vegakerfis í Húnavatnshreppi utan þjóðveg 1, eru malarvegir. Aðeins hefur verið lagt bundið slitlag á nokkra kílómetra vegar í austanverðum Vatnsdal frá þjóðvegi 1 og langleiðina að Hvammi.

Í samgönguáætlun 2007-2010 er eftirfarandi fjármagn áætlað í tengivegi í Húnavatnshreppi:

Vatnsdalsvegur (722) Hjallaland – Hof, árið 2008 kr. 71 milljón. Þessum framkvæmdum var lokið nú í haust og dugði fjárveiting eingöngu til lagningar á bundnu slitlagi á hluta af leiðinni.



Reykjabraut (724) árið 2008 kr. 40 milljónir og árið 2009 kr. 70 milljónir.

Framkvæmdin var komin í útboð en útboði var síðan frestað um óákveðin tíma.

Svínvetningabraut (731) árið 2009 kr. 40 milljónir og 2010 kr. 45 milljónir. *Frestað.*

Í samgönguáætlun 2007-2010 er engu fjármagni ætlað til uppbyggingar eftirfarandi vega:

Vatnsdalsvegur að vestan. (722) 30 km.

Pingeyrarvegur (721) 4 km.

Auðkúluvegur (726) vestan Svínavatns 15 km.

Svínadalsvegur (727) Af Auðkúluvegi hjá Grund, að Snæringsstöðum 6 km.

Blöndudalsvegur (733) Austan Blöndubrúar hjá Löngumýri, að Austurhlíð 5 km.

Svartárdalsvegur (734) Af hringvegi hjá Bólstaðarhlíð að Fossum 6 km.

Kjalvegur að Blönduvirkjun (732) 11 km.

Nú er svo komið vegna skertrar viðhaldsþjónustu að malarvegirnir eru langtímum saman mjög slæmir yfirferðar, eða nánast ófærir til aksturs. Það er nauðsynlegt að stórauka framlag til viðhalds þessara vega og flýta því að á þá verði lagt bundið slitlag.

Þegar farið er í framkvæmdir við bundið slitlag þá er afar mikilvægt að unnið sé eftir íslenskum raunveruleika, að ekki sé verið að vinna eftir stöðlum frá milljóna þjóðum og eyða miklum fjármunum í vegtæknileg atriði sem hafa ekkert með okkar aðstæður að gera.

Mikilvægt er að fá bundið slitlag á malarvegina, nánast eins og þeir eru nú, þannig að fjármagn nýtist sem best. Í stað þess að rugla endalaust fram og til baka með veglínur og skeringar hlýtur að vera hægt að takamarka hámarkshraða eftir aðstæðum.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps óskar eftir við stjórnvöld að þau tryggi aukið fé til viðhalds malarvega í sveitarfélaginu og leggur þunga áherslu á að við endurskoðun samgönguáætlunar nú í haust verði staðið við fyrirheit sem gefin hafa verið um uppbyggingu á Reykjabraut og að framkvæmdir hefjist þar sem fyrst.

Sveitarfélagið Skagaströnd áherslur 2009

Sveitarfélagið Skagaströnd hefur lagt áherslu á eftirfarandi atriði í samgöngumálum á undanförunum árum.

Skagastrandarvegur



Tryggt verði við endurskoðun samgönguáætlunar að Skagastrandarvegur fari inn á langtímaáætlun. Endurbuygging vegtengingar frá Norðurlandsvegi að Þverárfjallsvegi er sameiginlegt áherslumál sveitarfélaganna á Norðurlandi vestra.

Skagavegur

Sveitarstjórn leggur áherslu á að staðið verði við í samgönguáætlun lagningu bundins slitlags á Skagaveg(745) frá gatnamótum Skagastrandarvegur að mörkum Skagastrandar og Skagavegar. Í fyrri samgönguáætlun var gert ráð fyrir þessari framkvæmd á árinu 2010. Í árlegum erindum hreppsnefndar til þingmanna kjördæmisins 1999-2008 kom eftirfarandi fram: *Óskað er eftir bundnu slitlagi á 3,4 km vegarkafli frá Fellsbraut út fyrir Háagerði. Mikil umferð er á þessum vegarkafli vegna þess að hann þjónar umferð á útvistarsvæði í Spákonufellsborg, golfvöll í Háagerði og hesthúshverfi auk umferðar út Skaga. Malarslitlag endist afar illa og vegurinn keyrist upp í holur á skömmum tíma. Ryk af veginum er einnig til mikilla óþæginda fyrir útlivstarfólk sem notar þetta svæði mjög mikið.*

Sveitarfélagið Skagafjörður – umsögn um samgönguáætlun 2009-2012

Byggðarráð Sveitarfélagsins Skagafjarðar telur óásættanlegan niðurskurð á fjárveitingum til Vegagerðarinnar vegna viðhalds vega, þjónustu og vetrarviðhalds, svo sem fram kemur í tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2009–2012.

Varðandi Skagafjörð sérstaklega leggur byggðarráð áherslu á eftirtalin atriði:

1. Viðhald vega - mikilvægt að vegum sé haldið vel við, ekki síst malarvegum. Ef viðhald er vanrækt kallar það á meiri kostnað síðar sem komast hefði mátt hjá. Bent er á að viðhaldsverkefni eru mannaflafrek og geta því hjálpað í erfiðu atvinnuástandi í samfélaginu nú um mundir.
2. Ljúka framkvæmdum við Strandgötu á Sauðárkróki í framhaldi af Þverárfjallsvegi. Umferðaraukning á þessari leið er mikil og slík að mjög aðkallandi er að ljúka þessu verkefni áður en slys verður í þeim flöskuhálsi sem myndast hefur við aðkomuna inn í þéttbýlið á Sauðárkróki.
3. Flug til Sauðárkróks. Rekstraraðila verði gert kleift að halda áfram þjónustu við Skagafjörð og nágrenni með sama hætti og verið hefur, á gildistíma áætlunarinnar.
4. Hvatt er til þess að fylgt verði tillögu svokallaðs "Lágheiðahóps" þegar sett var af stað jarðgangaf framkvæmd um Héðinsfjörð á sínum tíma. Hópurinn lagði til að gerður yrði betri sumarvegur um Lágheiði en uppbygging hans virðist ekki á dagskrá í samgönguáætluninni.

